



## **5. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2014 - 2015 haldinn fimmtudaginn 12.mars 2015 kl.12:00.**

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir varaformaður skólanefndar, Þorkell Máni Pétursson, Sigrún Gísladóttir, Stefán Rafn Sigurbjörnsson varamaður í forföllum Steinþórs Einarssonar. Þórunn Sveinbjarnardóttir boðaði forföll. Fundinn sátu einnig Ingvar Arnarson fulltrúi kennara og Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari.

Fundargerð 4. fundar skólanefndar á skólaárinu hafði verið send skólanefndarfulltrúum í tölvupósti og samþykkt. Hún hefur verið sett á heimasíðu skólans.

### **1. Bókasafn skólans**

Guðný Guðnadóttir forstöðumaður bókasafnsins kynnti bókasafnið og starfsemi þess. Í máli hennar kom fram að safnið er hjarta skólans, ca. 7-800 nemendur koma daglega. Á safninu eru u.þ.b. 11 þúsund bækur, allmörg tímarit eru keypt í áskrift, einnig er fjöldi bíómynda á DVD diskum. 63 lessæti, 10 tölvur og 2 prentarar eru í húsakynnum safnsins auk ljósritunarvélar og skanna. Nemendur geta fengið að láni 6 litlar upptökuvélar auk einnar stórrar fullkominnar upptökuvélar. Safnið er mikið notað til heimildavinnu fyrir ritgerðasmíði í ýmsum námsgreinum. Stór lokaverkefni eru í nokkrum áföngum þar sem nemendur þjálfast í að leita að ritrýndum heimildum og að vinna sjálfstætt við upplýsingaleit. Á bókasafninu eru tveir starfsmenn í 1,5 stöðugildum. Opnunartíminn er langur og lengri á prófatíma. Aðgengi nemenda er mjög gott. Starfsmenn safnsins annast kennslu í notkun þess í lífsleikni og í MENN-áföngum. Samfara aukinni áherslu skólans á ritun í öllum námsgreinum hefur notkun nemenda á safninu aukist. Bókasafnið er þróaðlaust svæði þannig að auk þeirra tölva sem fyrir eru geta nemendur notað sínar eigin.

Í máli skólameistara kom fram að í könnun sem lögð var fyrir nemendur skólans fyrir tveimur árum um viðhorf þeirra til m.a. bókasafnsins kom fram að nemendur eru mjög ánægðir með þá þjónustu sem þar er veitt.

### **2. Fjármál skólans**

Rekstraryfirlit var sent fundarmönnum fyrir fund. Skólinn skilaði 10 milljón króna afgangi árið 2014.

### **3. Ný námskrá**

Almenni hluti skólanámskrárinnar er tilbúinn og verður settur á heimasíðuna á næstu dögum. Verið er að ganga frá nýjum námsbrautum sem verða sendar til menntamálaráðuneytisins til samþykktar. Skólinn mun hefja kennslu á nýjum 3ja ára stúdentsbrautum næsta haust.



#### 4. Önnur mál

**Fundarmenn lýstu yfir mikilli ánægju með framgöngu keppnisliðs skólans í Gettu betur.  
Hamingjuóskir til Helgu, Jöru og Tómasar Geirs.**

**Næsti fundur: Samkvæmt skipulagi verður næsti fundur 4.júní.**

Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari ritaði fundargerð.